

Komast þær á sjens?

DV 5.11.86

Tuttugu konur tóku sig saman um helgina og hittust úti í Viðey. Sumar tóku með sér börnin, aðrar þrjónana og sumar höfðu með sér ýmiss konar pappír og prentað mál til að lesa upp úr. Þessi Viðeyjarferð var kölluð landsfundur Kvinnalistsans.

Börn úr Grafarvogi héldu líka út í Viðey þessa sömu helgi. Þau voru mun fleiri. Þau kölluðu ferðalag sitt ferð út í óvissuna.

Líklega hefði verið skynsamara fyrir konurnar tuttu að kalla dvöl sína í eyjunni ferð út í óvissuna. Sjaldan hefur ríkt jafnmikil óvissa um framtíð eins stjórnmalaflokks og Kvinnalistsans um þessar mundir. Konur eru hættað að nenna að sinna þessum flokki og flokkurinn sjálfur er farinn að ihuga það alvarlega að mynda kosningabandalag með karlaflokkum til að halda lífi.

Upphaflega var Kvinnalistsinn stofnaður til höfuðs þeim stjórnmalaflokkum sem fyrir voru í landinu. Það stafaði af óánægju kvenna með sinn hlut í þeim flokkum og þjóðfélaginu almennt. Nú er Kvinnalistsinn búinn að starfa á

annan áratug og árangurinn er sá að þrjár konur sitja á þingi fyrir þann flokk á sama tíma og konum hefur stórfjölgað meðal þingmanna annarra flokka. Að því er varðar stöðu kvenna í þjóðfélaginu almennt má segja að ástandið sé öllu verra heldur en þegar Kvinnalistsinn hóf störf.

Kvinnalistskonur eru farnar að átta sig á þessu. Þær sjá að framgangi þeirra hefur skaðað konur í jafnréttisbaráttunni og telja nú tímabært að hefja viðræður við aðra flokka um sameiginleg framboð. Þær sjá að það gæti hugsanlega hjálpað Kvinnalistanum til að komast hjá því að lognast út af án þess að það opinberist að flokkurinn hafi ekkert fylgi.

Þannig hefur upphaflega baráttumálið um aðskilda jafnréttisbaráttu snúist upp í andhverfu sína með því að berjast nú fyrir því að konur sameinist öðrum flokkum.

Annað vandamál blasir við þingflokki Kvinnalistsans. Þær þrjár konur sem sitja á þingi fyrir Kvinnalistanum komast ekki yfir að lesa öll þingskjöl. Þær hafa ekki



tök á því að setja sig inn í öll mál. Sú hugmynd var sett fram í Viðey að þingkonunum væri hlíf við því að ræða önnur mál en þau sem snúa að kvennabaráttunni.

Þessari hugmynd var hafnað af meirihluta þeirra tuttu kvenna

sem sátu í Viðey um helgina. Skilaðin eru sem sé þau að konur eiga að hætta að einbeita sér að jafnréttismálum en snúa sér að þjóðmálum eins og aðrir þingmenn. Kvinnalistsinn vill með öðrum orðum að stefnumál þeirra séu þátt-

taka í umræðum um vegamál og Evrópumál og veiðileyfagjald en gleyma öllu kjaftæðinu um kvenréttindi og stöðu kvenna sérstaklega. Enda hefur enginn áhuga á þeim og alls ekki konur. Sér í lagi ef Kvinnalistsinn á að starfa áfram og höfða til kvenna. Þá verður Kvinnalistsinn að hætta að tala um jafnréttismál og snúa sér að öðrum þingmálum sem kemur konum ekkert við. Nema þá sem almennum samborgurum.

Þetta útspil auðveldar konum að leggja flokk sinn niður í kosningabandalagi við þá sem gera ekkert með kvenréttindamál og eru í stjórnmalum til að hafa skoðanir á stjórnmalum.

Þær tuttu konur sem eftir eru hjá Kvinnalistanum héldu út í óvissuna um framtíð Kvinnalistsans og héldu aftur heim úr Viðey í enn meiri óvissu. Þær þurfa á körlum og karlaflokkum að halda til að lifa kvenréttindabaráttuna af. Hver býður best? Hvaða karlar eru tilbúnir að leggja lag sitt við konur sem bjóðast á ódýra markaðnum? Komast þær á sjens?

Dagfari